

UPPSETNING Á YLEININGUM

1. Undirbúningur:

- Þakflötur mældur upp. Grunnlína snúruð og önnur lína hornrétt á hana. (ath. reglu um réthyrnda þríhyrninga t.d. 3-4-5, 6-8-10).
- Fyrsta eining sem á að nota er tekin úr bretti og sett á bókka þannig að bárunar snúi upp.
- Yfirborð bókka þarf að vera slétt og hreint þannig að neðri brún einingar rispist ekki.

- Veggflötur er mældur upp. Lárétt lína er tekin fyrir neðstu brún eininga, merkt upp á burðarvirki.
- Liggjandi veggeiningum er raðað neðan frá og upp.
- Fylgjast skal með því að langskeyti falli sem best að innanverðu og að þéttlistar gægist hvergi út.

2. Vinna við einingu fyrir hífingu:

- Þéttiefni er sett í nótt á einingum þar sem þéttlistar er ekki við komið
- Þéttlistinn er límdur undir hábáruna á efra byrðinu þannig að hann lendi á til þess gerðu úrtaki í sköruninni.
- Einnig er hægt að líma borðann ofan á hábáru fyrir plötunnar, í fyrrgreint úrtak, en þá er meiri hættan á að skörunarbára efri einingarinnar rekist í listann og hann verði fyrir hjaski.
- Ef um er að ræða enda að mæni þá þarf að beygja upp lágbáruna með til þess gerðu klaufjárni.
- Klippa þarf af yfirlöppun sbr. skýringarmyndir til hliðar.

3. Undirbúningur á burðarvirki fyrir hífingu:

- Innri áfellum er komið fyrir.
- Um er að ræða slétta vinkla við þakbrúnir og gaffla og slétta renninga á samskeytalangband ef þannig háttar.
- Ef langband er í mæni þá kemur áfella á það annars draghnoðast innri kjölur eftir, þá þarf að setja áfella ofaná burðarramma.
- Kittistaumur komi á allar innri áfellur sem eining sest á.
- **Árðiandi er að kittistaumur sé nógu þykkur til að fylla alveg á milli einingar og áfella.** ATH. Láréttir bitar yfir og undir gluggum/hurðum eru staðsettir eftir ásetningu veggeininga.

4. Hífing á einingu:

- Við hífingu eininga er algengast að nota sogskálar.
- Staðsetning þeirra tekur mið af lengd eininga.
- Við hífingu þakeininga þarf að halla þeim í samræmi við þakhalla hússins svo þær leggjast rétt niður.
- Kranakeðjum(-stroffum) er krækt í sogskálar.
- Gott er að setja band í a.m.k. annan endann til að halda við eininguna í hífingunni.
- Einingin er hífð upp og staðsett skv. útmælingu í lið 1. og fest tryggilega.
- Næstu einingar eru hífðar á sinn stað eftir undirbúningu skv. lið 2.
- Gott er að tylla einingu með einni skrúfu í neðsta langband.

5. Afrétting á einingum:

- Mikilvægt er að passa að einingarnar klæði sama mál í báða enda.
- Hver eining klæðir c.a 1000 mm.
- Viðbúid er að þrýsta þurfi einingum saman þegar þær eru lagðar niður.
- Ullin verður að ná saman á langsamskeytum eininga til að tryggja einangrun.

6. Skrúfun eininga:

- Merkja skal fyrir skrúfum á einingu þegar eining er komin á sinn stað eða fyrir fram áður en eining er hífð.
- Vanda skal til skrúfunnar þannig að ekki dældist undan skrúfu/skinnu.
- Leyfa efri gengjum að þrýsta ytra stáli eininga að skinnu til að tryggja þéttingu.
- Þrýsta þarf einingum að burðargrind þegar skrúfað er til að ekki myndist bil milli burðarvirkis og eininga.

7. Sögun eininga:

- Þegar einingar eru sagaðar skal nota viðurkennd verkfæri.
- Verkfæri eru t.d. hægeng hjólsög með járnsagarblaði eða blikklippur/skæri.
- Hafa skal hlífðarfilmu á einingu þegar hún er söguð.
- Hreinsa burt allt svarf þegar búið er að saga eininguna.

Mikilvægt er að verklýsingu sé fylgt eftir þannig að árangur verði sem bestur.


Til fróðleiks:

Varðandi mönnun verksins er algengt að 2-3 menn séu niðri og 3-4 í uppsetningu eininga, fleiri í stórum verkum. Toppar í skrúfvélar eru 8 eða 10 mm

Litur	Úti	Inni
Þak	RAL 7011	RAL 9002

Við mæni/þakglugga og þversamskeyti

Klippa þarf úr yfirlöppun meðfram þéttlistar og 100 mm niðureftir einingu. Þetta er einungis gert við mæni og þakglugga til að báruþéttlisti nái að þetta (tengjast þéttlistar).



Samþykkt þann

02. júní 2023

lh. Byggingarfulltrúans í Hafnarfirði
Róbert A. Róbertsson

Teikningaskrá - aðalteikningar Landnr. L213350


Nr.	Heiti	Kvarði	Útgáfud.
A101	Grunnmýnd 1 hæðar	1:100	20.04.2022
A102	Grunnmýnd 2 hæðar	1:100	20.04.2022
A201	Útlit	1:100	20.04.2022
A301	Smíð	1:100	20.04.2022

Áritun hönnunarstjóra Dags. áritunar
KRISTINN RAGNARSSON K.I. 124274 02.06.23

Skýringar

Öll mál eru í mm nema annað sé tekið fram

Almennar skýringar
ST-173 steinullareiningar á þak



- ① 0,6 mm stálplötur með GreenCoat Pro BT húðun í lit
- ② Steinullareinangrun

Kólnunartala fyrir einingu 0,28 W/m²·°C

Númeraðar skýringar fyrir deili ná til þeirra efnisþátta sem **Limtré Virnet ehf.** leggur til nema að annað sé tekið fram.

Öll afnot og afritun teikningar að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi LimtréVirnet ehf.

Útg.	Dags.	Breyting	Br. af

LimtréVirnet

Byggingadeild - Lynghóli 2 - 110 Reykjavík
t. 440510-1160 - Sími: 412 5300

Heiti verks

Straumhella 6, Hafnarfirði
Þak á iðnaðarhúsi

Heiti teikningar

Þakmýnd

Teiknað af: Málkvarði: Verknúmer: DL22 040

BRÓ

Yfirtarð af: Dagssetning: Útgáfa nr.: 1 Nr. teikningar

BI

Nafn hönnuðar: Þjarni H. Ingibergsson

byggingatæknifræðingur

Kt. 030861-2729

Áritun hönnuðar: Dags. áritunar

02.06.23

400

401 - Straumhella 6.dwg Blaðstærð A1